

Alþingi
Erindi nr. P 138/ 2743
komudagur 8.6. 2010

From: Sigurður M. Magnússon [mailto:smm@gr.is]

Sent: 7. júní 2010 10:59

To: Þuríður Backman

Cc: Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir

Subject: Fjöldi ungmenna 16 - 19 ára og 20 - 23 ára sem nota ljósabekki mánaðarlega eða oftar.

Sæl Þuríður,

ég vil þakka þér fyrir góðan fund í heilbrigðisnefnd á föstudag og þann stuðning sem ég finn fyrir af þinnu hálfu gagnvart starfsemi Geislavarna.

Á fundinum var spurt um hversu margir í hópnum 16 - 19 ára og 20 - 23 ára færu í ljós mánaðarlega eða oftar. Ég hafði ekki svör á takteinum og þykir það leitt.

Hér með fylgir glæra sem sýnir hversu margir í aldurshópnum 12 - 15, 16 - 19 og 20 - 23 ára hafa farið mánaðarlega eða oftar í ljósabekki á árunum 2004 - 2010. Niðurstöðurnar tala sínu máli. Með fræðslu og leiðbeiningum hefur tekist að fækka verulega í hópnum frá 20 - 23 ára, minni fækkun er í hópnum 16 - 19 ára og engin í hópnum 12 - 15 ára. Mér þætti vænt um að þessum upplýsingum væri komið á framfæri við nefndina.

Að sjálfsgöðu er ég reiðubúinn að veita allar frekari upplýsingar sem mér er unnt verði þess óskað.

Það er von mín að frumvarpið verði að lögum sem fyrst.

Virðingarfyllst og með góðum kveðjum,

Sigurður M. Magnússon

Ungt fólk sem fer í ljósabekk mánaðarlega eða oftar (600 manna úrtak í hverjum hóp)

